

Tillaga um formgerð samstarfs stjórnvalda og atvinnulífs á sviði **netöryggis**

Umræðuskjal

Háskóla-, iðnaðar- og
nýsköpunarráðuneytið
júní 2023



1. Inngangur

Eitt af lykilviðfangsefnum netöryggisstefnu Íslands 2022-2037 og leiðarljós ýmissa verkefna háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins er að auka samstarf á sviði netöryggis. Mikilvægur þáttur til að ná markmiðum netöryggistefnunnar er að styrkja og formgera frekara samstarf innan stjórnkerfisins og við atvinnulífið. Víðtækt samráð og samvinna um netöryggi er til þess fallið að auka bæði nauðsynlegt öryggi stafrænna lausna til framtíðar og leggja einnig grunn að ábatasömum iðnaði og þjónustu.

Til eru ýmsir samstarfshópar á sviði netöryggis á Íslandi sem sinna annað hvort lögbundnu eða ólögbundnu hlutverki, eru sérstaklega settir á laggirnar til að auka samstarf aðila sem teljast til mikilvægra innviða¹, starfa með ákveðnum geira² eða áherslum,³ eða ná einungis utan um samstarf stjórnvalda⁴. Í dag er enginn samstarfsvettvangur á sviði netöryggis starfræktur sem nær til víðtæks samstarfs stjórnvalda og atvinnulífs.

Ein af áherslum stjórnvalda á sviði netöryggis er að þróa vettvang um víðtækt samstarf stjórnvalda og atvinnulífs, þ. á m. er varðar upplýsingamiðlun, þannig að stjórnvöld og atvinnulíf vinni saman, miðli upplýsingum sín á milli, leiðbeini um net- og upplýsingaöryggismál og vinni markvisst að bættu netöryggi. Sömu áherslur má finna í leiðbeiningum frá Evrópsku netöryggisstofnuninni, ENISA⁵ og í nýlegri útgefni tilskipun Evrópusambandsins nr. 2022/2555 um að efla og samhæfa öryggisstig net- og upplýsingakerfa í Sambandinu (NIS 2)⁶.

Tillaga um formgerð samstarfs stjórnvalda og atvinnulífs á sviði netöryggis er umræðuskjal sem lagt er fram í opnu samráði í samráðsgátt stjórnvalda. Skjalinu er ætlað að hvetja til umræðu um formgerð samstarfsins og möguleg áhrif þess á íslenskt samfélag. Mikilvægt er að eiga opið samtal um markmið samstarfsins til að undirbyggja virkni og árangur þess.

Undanfari tillögunnar var m.a. vinnustofa sem ráðuneytið stóð að og haldin var 13. apríl 2023. Mörgum af helstu hagaðilum netöryggismála var boðið á vinnustofuna þar sem markmiðið var að fá fram sjónarmið um fyrirkomulag og hlutverk samráðsvettvangs stjórnvalda og atvinnulífs á sviði netöryggis. Tillaga um formgerð samstarfs stjórnvalda og atvinnulífs byggir á þeim fjölmörgu sjónarmiðum sem fram komu á vinnustofunni. Samantekt frá vinnustofunni er að finna sem fylgiskjal með umræðuskjalinu.

¹ Sviðshópar netöryggisveitar Fjarskiptastofu.

² T.d. samstarfsvettvangur um rekstraröryggi fjármálainnviða og netöryggisráð Samorku.

³ T.d. samstarfsvettvangur fræðslu, menntunar og rannsókna á sviði netöryggis – NCC-IS

⁴ T.d. netöryggisráð.

⁵ Public Private Partnerships (PPPs), <https://www.enisa.europa.eu/topics/national-cyber-security-strategies/ppps>

⁶ [Directive \(EU\) 2022/2555](#) of the European Parliament and of the Council of 14 December 2022 on measures for a high common level of cybersecurity across the Union, amending Regulation (EU) No 910/2014 and Directive (EU) 2018/1972, and repealing Directive (EU) 2016/1148 (NIS 2 Directive).

2. Tillaga um formgerð nýs samstarfsvettvangs stjórnvalda og atvinnulífs á sviði netöryggis

Markmið og hvatar

Mikilvægt er að samstarfsvettvangur stjórnvalda og atvinnulífs stuðli að aukinni miðlun á reynslu, þekkingu og góðum starfsvenjum, auki netöryggisvitund og netöryggisstig meðal hagsmunaaðila, dýpki þekkingu aðila vettvangsins enn frekar og efli traust á milli þeirra. Hagaðilar úr atvinnulífinu og stjórnkerfinu þurfa að hafa greiðan aðgang og hvata til þátttöku í samstarfsvettvanginum.

Jafnframt er mikilvægt að samstarfsvettvangurinn leiði til betri skilnings stjórnvalda á þörfum fyrirtækja og atvinnulífsins sem og opni á tækifæri fyrir atvinnulífið til að styðja við mótun og framfylgd stefnu stjórnvalda, t.a.m. með miðlun á séfræðiþekkingu og þar með brúa bilið milli einkageirans og hins opinbera.

Aðilar samstarfsvettvangs

Samstarfsvettvangnum er ætlað að taka á fjölbreyttum og þverfaglegum málefnum tengdum netöryggi og er opinn hagaðilum netöryggis, ekki síst samtökum sem styðja við atvinnulífið, netöryggisfyrirtækjum og fulltrúum fræðasamfélagsins sem kjósa að taka þátt í samstarfinu. Jafnframt er gert ráð fyrir þátttöku fulltrúa mikilvægra innviða og eftirlitsstjórnvalda skv. netöryggislögunum (s.s. Embætti landlæknis, Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, Fjarskiptastofa, Orkustofnun, Samgöngustofa og Umhverfisstofnun), viðbragðsaðila, fulltrúa opinberra stofnana og ráðuneyta sem gegna veigamiklu hlutverki á sviði netöryggis.

Formgerð samstarfsvettvangs

Til skoðunar kemur að skipta formgerð samstarfsvettvangsins í þrjú þrep. Fyrsta þrep er samstarfsráð stjórnvalda og atvinnulífs um netöryggi, annað þrep eru faghópar samstarfsvettvangsins og þriðja þrep eru viðburðir sem allir aðilar samstarfsvettvangsins geta tekið þátt í.

Samstarfsráðið gegnir leiðandi hlutverki, tryggir yfirsýn, samvinnu, samhæfingu og samstillir starfsemi vettvangsins. Samstarfsráðið er skipað jafn mörgum fulltrúum atvinnulífs og stjórnvalda. Einn fulltrúi í samstarfsráðinu fer með formennsku til tveggja ára í senn sem færast á milli fulltrúa úr atvinnulífinu og fulltrúa stjórnvalda.

Faghópum er komið á fót í afmörkuðum tilgangi, s.s. til að ræða og/eða leysa ákveðin vandamál, sjá um framkvæmd afmarkaðra verkefna þar sem þörf er á breiðri aðkomu stjórnvalda og atvinnulífs. Á vinnustofu um mótun samstarfsvettvangs stjórnvalda og atvinnulífs á sviði netöryggis kom fram að þörf væri á að ræða sértæk málefni í faghópum, t.d. upplýsingatækni og gögn, traustþjónusta, fræðslu í skólum og fyrir neytendur, tengingar við menntastofnanir og rannsóknir, varnarmálavitund í samfélaginu, upplýsingaóreiðu o.fl.

Samstarfsráðið setur á fót faghópa eftir því sem við á og faghópar gera m.a. grein fyrir sínum störfum á árlegri ráðstefnu samstarfsvettvangsins.

Hlutverk samstarfsvettvangsins er að bjóða upp á viðburði í formi fræðslufunda og/eða ráðstefna um netöryggi og byggja upp öflugt tengsla- og þekkingarnet sem gagnast meðlimum samstarfsvettvangsins. Mögulega heldur samstarfsvettvangurinn eina ráðstefnu árlega sem og smærri viðburði eftir því sem við á.

Umsjón samstarfsvettvangsins

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið kemur samstarfsvettvanginum á fót og er bakhjarl hans. Til að tryggja árangursríkt samstarf kemur til skoðunar að fela utanaðkomandi aðila að sjá um daglegan rekstur og umsjón samstarfsvettvangsins, s.s. að skipuleggja og stjórna viðburðum og styðja við starfsemi samstarfsráðs og faghópa. Slíkt yrði frekar útfært þegar ákvörðun er tekin um formgerð samstarfsvettvangsins.

Samskipti

Áhersla er á að vettvangurinn sé nútímalegur og kvikur. Samstarfsráð og faghópar funda reglulega, bæði með staðarfundum og fjarfundum. Mikilvægt er að jafna möguleika einstaklinga, fyrirtækja og stofnanna um land allt til að taka þátt í samstarfinu og nýta fjarfundarbúnað eftir því sem við á.

Niðurstöður árlegrar ráðstefnu eru teknar saman skriflega og birtar opinberlega.

Í tilteknum tilvikum má gera trúnaðarsamninga á milli fulltrúa í faghópum.

Samstarf við netöryggisráð og aðra hópa sem myndað hafa samstarf á sviði netöryggis

Í drögum að reglugerð um netöryggisráð er kveðið á um að ráðið geti tekið þátt í samstarfi á vegum stjórnvalda til upplýsingamiðlunar á sviði netöryggis, sbr. 5 gr. Til að tryggja upplýsingamiðlun sem við á, er lagt til að fulltrúi ráðsins eigi sæti í samstarfsráð vettvangsins. Jafnframt eru fulltrúar ráðsins hvattir til að taka þátt í faghópum og árlegri ráðstefnu samstarfsvettvangsins.

Jafnframt er hvatt til þess að fulltrúar annarra samstarfshópa, hvort sem um er að ræða lögbundna eða ólögbundna, taki þátt í samstarfsvettvangnum og deili og taki á móti upplýsingum, að því marki sem mögulegt og viðeigandi er.